

Afbrot, lögbrjótar og nýjar leiðir

Þegar maður ræðir refsingar og afbrot við venjulegt fólk, þá hefur það oft mestan áhuga á þessum hefðbundnu afbrotum og hafa þá yfirleitt þá afstöðu til málanna, að dómur séu alltof mildur og yfirvöldin of slapphent á þessum körlum, og fangelsisrefsingar séu alltof stuttar. Þessi afstaða kemur aðallega fram þegar rætt er um afbrotanglinga, unglunga sem stela, unglunga sem aka of hratt og þá stundum drukknir, unglunga sem ónáða fólk á götum úti o. s. frv. Þessi afstaða fólks stafar yfirleitt af hræðslu við þessa unglunga og er það útaf fyrir sig skiljanlegt sjónarmið og skal ekki rakið meira að sinni.

Eins og við vitum er fortíð þeirra manna sem gista fangelsin, að minnsta kosti flestra, sú, að þar má tala um andlegan og líkamlegan skort í misstór-um mæli frá barnæsku, þetta fólk hefur mátt upplifa vöntun á ýmsum sviðum og þá einkum skort á umhyggju og ástúð, sem flestir foreldrar vilja gefa börnum sínum. Skortur á félagslegu og andlegu sambandi við sína nánustu, og umhverfið í heild setur sín merki á þetta fólk að meira eða minna leyti, þegar foreldrar og umhverfið bregzt þessum börnum, verða þau að vera mjög sterk til að þola þau andlegu áföll sem þessu fylgja. Að flest af þessu fólki lifur af öryggisleysi og vöntun á sjálfs-trausti verður okkur fljótlega ljóst, er við förum að kynna þvi, og þetta setur á það ákveðið svipmót. Þá er skólagangur þessara manna oft ein hrakfallasaga, kunnátta þeirra í námsgreinum er yfirleitt langt fyrir neðan meðallag í tilsva-

Grein sú, sem hér fylgir er eftir dóm smálaráðherra Norðmanna, Inger Louise Valle, og birtist nýlega í norsku riti sem fjallar um refsímál, Kriminal omsorg. Þar sem mér finnst margt af því sem norski ráðherrann segir um þessi mál eiga erindi við okkur Íslendinga, hef ég leyft mér að þýða

greinina, og vona að þar komist það til skila er ráðherrann drepur á.

Þessi mál eru einnig í sviðsljósinu á Íslandi, þótt oft sé um þau fjallað af lífelli þekkingu og enn minni skilningi.

Helgi Gunnarsson, forstöðumaður á Litla Hrauni

andi aldursflokki utan fangelsanna, þó er oft hér um að ræða að greind beggja flokkanna getur verið svipuð og oft ekkert lakari hjá þeim sem inni sitja. Bæði meðan á fangelsisvistinni stendur, og fyrir hana og á eftir glíma svo þessir menn við sálræna og félagslega erfiðleika. Fyrir utan þá efnahagsóreiðu sem fylgir þeim eins og skugginn. Þá ganga áfengi og eiturlif eins og rauður þráður um lif þeirra.

Það liggur því djúpstæð andstaða í því að þjóðfélagið setur í gang sitt refsikerfi í formi sjálfstæðissviptingar gagnvart hópi þjóðfélaginu sem er verulega hjálparþurfi. Þetta hefur þau áhrif að erfiðleikar þessa hóps aukast verulega. Þessi mótsetning liggur í því að löggjafinn hygst ná tilgangi sínum þeim að skapa löghlyðni hjá almenningi, þannig að þeir sem verða fyrir refsingunni verða ekki þolendur þess markmiðs löggjafans, heldur þeir sem ekki gerast lögbrjótar. Þeir sem refsad er, verða þvert á móti afgangshópur, sem ekki er hægt að meðhöndla eins og flest fólk og

verða utangarðs í þjóðfélaginu.

Litum við á orsakirnar sem liggja til þessarar utangarðstilveru, sjáum við fljótt að þetta fólk þyrfti fremur á hjálp að halda en refsingu. Ef hinn mannúðlegi tilgangur refsingarinnar á að nást, stöndum við frammi fyrir þeirri alvarlegu staðreynd. Hvernig getur refsing orðið til hjálpar og hvernær er hún til ills? Við sem störfum að þessum málum verðum að vona að við getum fundið lausn á þessu vandamáli með viðhlitandi árangri. Fangelsisrefsing er, þegar litið er á árangur löggjafans af henni annars vegar og einstaklinga, sem fyrir henni verða, hins vegar, ófullnægjandi lausn á alvarlegu vandamáli, þ.e. afbrotum, en kostar hins vegar þjóðfélagið mikla peninga. Þannig er talið að fangi sem situr inni í Noregi kosti þjóðfélagið sem svarar 10.000 kr. ísl. á sólarhring. Viðurkenning á þessu vandamáli hefur komið hvað eftir annað fram bæði í Noregi og á alþjóðaráræðstefnum hingað og þangað í heiminum, en enn sem komið er hefur engin fullkomin lausn

fundizt á þessu máli. Spurningin hlýtur því að vera sú hvort hægt mundi vera að ná betri árangri með því að byggja upp kerfi sem væri sveigjanlegra í framkvæmd heldur en það sem við notum nú, og reyna jafnframt að ná betri árangri með frelsissviptingunni, þar mætti hugsa sér aukib skilordseftirlit o.fl. Eitt af því erfiðasta sem við er að fast á þessu sviði er að styðja fangana sem afplánað hafa sinn dóm út í lífið á ný, eða út í atvinnulífið eins og stundum er sagt. Þetta er oft hægara sagt en gert vegna þess að þessir menn sem styðja þarf út í atvinnulífið, hafa margir hverjir litið komið í snertingu við það einkum þeir unglingar sem nú sitja í fangelsum og þetta gerir þennan stuðning ekki léttari. Þar að auki fækkar stöðugt þeim störfum sem ófaglærðir menn vinna í þjóðfélaginu en sérhæfingin eykst að sama skapi og oft er líkamskröftum þessara manna það áfátt eftir langa óreglu, að þeir eru lítt færir til líkamlegrar vinnu.

Við höfum nú á síðustu árum þyrjað að fara skólana inn í fangelsin ef svo má segja. Þann er því slegið föstu að þjóðfélaginu sé skylt að gefa þessum mönnum aðgang að námi, líkt og það gefur öðrum þegnum sínum kost á að mennta sig. Menn ætu samt ekki að vænta neinna kraftaverka af þessari tilraun en halda henni ákveðið áfram. Nú hefur í ýmsum löndum verið talað um að koma upp vinnuþróunarskrifstofu fyrir fanga, sem látnir eru lausir á skilyrðum, eða þeim sem fá reynslulausn, og einnig er

meiningin að öll félög á vinnu- markaðinum séu tengd þessari vinnuþróun á einhvern hátt. En samhliða þarf að byggja upp stuðning við þessa fanga með fleiri þáttum og gera það með myndarskap, annars munum við ekki ná neinum árangri. Ef við ekki náum árangri með endurhæfingu eru öll markmið sem við kunnum að stefna að í þessum málum ónáanleg og það fyrirhittir ekki aðeins lögbrjóttinn heldur og allt samfélagið sem honum er ætlað að lifa og starfa í. Þetta er ekki spurning um manneskjulega meðferð, vinna að því einnig að reyna ein-

Mér finnst að við ættum að vinna að því einnig að reyna einhverjar nýjar aðferðir, sem komið gætu í stað fangelsisúttektar og þar vil ég minnst á það sem Englendingar nefna Community Service eða sem kalla mætti samfélagsþjónustu. Þessi aðferð fellst í því að lögbrjóttum er hjálpað með því að hann er látinn vinna ákveðinn klukkustundafjölda í fristundum sínum og þá án nokkurrar greiðslu við ýmis hjálparstörf í þjóðfélaginu t.d. við lagfæringar á íbúðum eldri fólks og fatlaðra eða við að aðstoða sjúka og hjálparþurfi. Auk þess mætti hugsa sér, að þeir yrðu látnir taka til hendi við ýmis konar þrif á viðkomandi bæ eða þorpi. Það vinnst ýmislegt við að láta lögbrjóttinn greiða samfélaginu til baka með vinnu sinni. Í fyrsta lagi: Hann greiðir fyrir brotið. Í öðru lagi er þetta leifið til að koma honum aftur í sátt við það samfélag sem hann áður var upp á kant við. Þetta verður þó að fara hægt af stað og yrði nánast um tilraun að ræða en það breytir ekki því, að við verðum að taka upp þær nýjungar sem koma fram á þessum sviðum sem öðrum. Og full ástæða er til að hinar svokölluðu menningarþjóðir láti til sín taka á þessum sviðum.

Jónas sýnir að Kjarvalsstöðum


Kl. 16.00 á laugardag, 30. apríl, opnar Jónas Guðmundsson, rithöfundur og listmálari málverkasýningu að Kjarvalsstöðum. Sýningin stendur til 8. maí, sem er sunnudagur.

Á sýningunni eru rúmlega 70 myndir, mest vatnslitamyndir, og eru þær málaðar á þessu og síðasta ári.

Þá eru einnig nokkur eldri verk með á sýningunni, þar af nokkur sem eru í einkaeign.

Jónas Guðmundsson heldur innan skamms til V-Þýzka-lands, þar sem sýning á verkum hans verður í Galleri Clasing, en honum var boðið að halda þar einkasýningu. Verður sú sýning opin í tvo mánuði og er árleg „vorsýning“, sem stofnunin heldur til kynningar á þýzkum eða erlendum listamönnum.

Jónas Guðmundsson með myndum sínum. Efri myndin er af Drafnarstíg og sýnir Skáholt og Mörk, og greina má hús Eldreyjar — Hjalta. Neðri myndin er ollumálverk af Eldeyjarbanka.



Happdrætti til styrktar Alþýðuleikhúsinu

Starfshópur, er starfar á vegum Alþýðumennningar, Reykjavík, hefur ákveðið að efna til happdrættis til stuðnings Alþýðuleikhúsinu.

Þeir sem skipa þennan starfshóp hafa fylgt af miklum áhuga með starfsemi Alþýðuleikhússins og hrifnir mjög af sýningum þess á Krummagulli og Skollaleik, sem leikhúsið hefur þegar sýnt víðs vegar um landið. Góð aðsókn og mjög góðar undirtektir hafa sannað gildi leikhússins.

Félagar Alþýðuleikhússins hafa fullan hug á að halda starfi sínu áfram, og í ágúst er fyrirhugað að leggja upp í leikfór norður og vestur um land og halda uppi sýningum allt fram á

vor 1978. Þessar fyrirætlanir steyta þó víða á skerjum og er það, sem fyrr, fjárhagslega hliðin sem mestu vandkvæðum veldur. Vantar enn talsvert á að endar nái saman, þrátt fyrir það, að fjölmargir aðilar hafi stutt leikhúsið af miklum rausnarskap.

Með happdrættinu vill starfshópurinn gefa sem flestum kost á að leggja sitt af mörkum til að tryggja starfsgrundvöll leikhússins. Jafnframt vill starfshópurinn knýja á um að hið opinbera veiti leikhúsinu verðskuldaðan fjárhagslegan stuðning.

Vinningar eru málverk eftir kunná listamenn og bækur að eigin vali.

Steindórskvöld hjá Framtíðinni

Stúkan Framtíðin heldur árlega svokölluð Steindórskvöld, sem kennd eru við Steindór Björnsson frá Gröf, og verður Steindórskvöldið þessu sinni í Templarahöllinni mánudaginn 2. maí og hefst klukkan hálf-nú. Þetta er opin fundur.

Steindór Björnsson frá Gröf stofnaði styrktarsjóð stúkunnar á fimmtíu ára afmæli hennar 1968, og eftir hans dag var gerð skipulagsskrá, og var þá látinn renna í hann jarðarfararsjóður, sem Steindór hafði stofnað löngu áður, ásamt fleiri mönnum. Steindór hafði teiknað minn-

ingarspjöld fyrir þennan sjóð og Sjúkrasamlag Reykjavíkur, og eru þau nú notuð lítið breytt fyrir „hjálparsjóð til minningar um Steindór Björnsson frá Gröf“ eins og sjóðurinn heitir nú. Fást þau í Bókabúð Æskunnar á Laugavegi 56 og hjá Krístrúnu Steindórsdóttur, Kleppsvegi 102.

Á Steindórskvöldinu eru ávallt einhver skemmtiatriði, auk kynningar á ævistarfi Steindórs. Verða nú til sýnis dæmi um ljóðabýðingar hans og ljóðagerð hans og nokkurra ættmenna hans. Systemarn sjá um kaffið, en gjaldið fer í sjóðinn.